

Mál nr. 206/2019**M og
V ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys 18. nóvember 2016 á geymslusvæði strætisvagna.****Gögn.**

Málskot, dags. 24. júní 2019, ásamt fylgiskjöllum.
Bréf V, dags. 8. júlí 2019.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram sú lýsing M, sem starfaði þá við að aka strætisvögnum hjá X, að hann hafi í lok vinnudags 18. nóvember 2016 verið að ganga frá strætisvagni á geymslusvæði þeirra við Rangárvelli þegar hann féll á vinstri hlið og hlaut áverka á síðu og öxl. Nánar tiltekið kveðst M haf a verið að ganga að verkstæðisdyrnum á geymslusvæðinu þegar það hafi verið eins og kippt undan honum fótunum. Í lýsingu í málskoti kemur fram að hálka hafi getað myndast þannig að bleyta sem komið hafi vegna þess að strætisvagnar eru þvegnir inni á verkstæði hafi frosið og síðan snjóað yfir hana og þannig myndast hálka, einnig kemur fram í málskoti að veður hafi einnig verið þannig þennan dag að hálka hafi getað myndast skyndilega. Í málinu liggur einnig fyrir tilkynning um vinnuslys til Vinnueftirlitsins, sem móttekin er 1. desember 2016 hjá Vinnueftirlitinu, þar sem lýsing starfsmanns X af málinu er þannig að M hafi runnið til í hálku við húsnæði SAK.

M telur að X hafi vanrækt hálkuvarnir á geymslusvæði strætisvagna. Hann hafi sjálfur dottið áður á sama svæði, eða í janúar 2015 og fleiri starfsmenn hafi dottið á sama stað. M vísar einnig til þess að Vinnueftirlitið hafi sent bréf til X, dags. 30. apríl 2015 um að það bæri að gera verklagsreglur um hálkuvarnir hjá stofnunum X, en slíkar reglur liggi þrátt fyrir það ekki fyrir hjá X. Auk þess vísar M til þess að hann hafi verið óvinnufær frá slysdegi og X hafi ekki tilkynnt um slysið 18. nóvember 2016 til Vinnueftirlitsins eins og bar að gera. M telur því að vanræksla X vegna hálkuvarna felist í því að hafa ekki sett verklagsreglur eða brugðist sérstaklega við hálku þennan dag.

V telur að slys M sé ekki hægt að rekja til saknæmrar og ólögætrar háttsemi X, starfsmanna bæjarins eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á heldur hafi fall M verið óhappatilvik og aðstæður ekki frábrugðnar því sem búast megi við að vetri til.

Álit.

Í málinu liggur ekki fyrir lögregluskýrsla vegna atvika eða aðstæðna á geymslusvæði strætisvagna 18. nóvember 2016. M kveðst hafa verið óvinnufær frá þeim degi en í lækni-fræðilegum gögnum verður ekki séð að slík óvinnufærni sé staðsett, en M leitaði fyrst til læknis vegna fallsins 20. nóvember 2016. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins frá X verður ekki heldur séð að staðfest sé að M hafi verið óvinnufær frá slysdegi og þannig hafi tilkynningarskylda skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 orðið til strax þá eða að X hafi vanrækt slíka skyldu þannig að leggja beri frásögn M til grundvallar málsatvikum. Þó ekki liggi fyrir sérstakar verklagsreglur um hálkuvarnir hjá X á umræddu svæði verður að sýna fram á slíkar varnir hafi verið vanræktar í greint sinn til þess að til greiðsluskyldu komi úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Í gögnum málsins liggur einungis fyrir einhliða lýsing M á því að mögulega hafi myndast hálka vegna þvottar strætisvagna eða að aðstæður hafi verið þannig að sandbera hefði átt svæðið. Á meðan slík lýsing fær ekki stoð í öðrum gögnum málsins verður hún ekki lögð til grundvallar bótaábyrgð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna vinnuslyss úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.